

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps 54. fundur.

að Hlíðavegi 6, 7. apríl 2005, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Heimilisþjónusta. Starfsmenn Félags- og skólaþjónustu Þingeyinga mæta til fundarins.
3. Fundargerð skólanefndar frá 28. feb. og 4. apríl.
4. Erindi íbúa Litlustrandar, Baldursheims 1 og 3, Ytri-Neslanda, Vagnbrekku, Sjónarhóls, Haganess, Hofstaða og Geirastaða.
5. Reikningur til Sniðils vegna gatnagerðargjalda. Framhald umræðu frá síðasta fundi.
6. Erindi frá sameiningarnefnd sveitarfélaga. Lokatillögur um sameiningu sveitarfélaga og skipun samstarfsnefndar.
7. Erindi Vegagerðar ríkisins, mat á umhverfisáhrifum Dettifossvegar.
8. Lántaka Sorpsamlags Þingeyinga hjá Lánasjóði sveitarfélaga. Ábyrgðaryfirlýsing Skútustaðahrepps.
9. 3ja ára fjárhagsáætlun.
10. Frágangur eftir Kísiliðjuna.
11. Losun seyru og rotþróa.
12. Gjaldskrá fyrir aukabúfjárefirlit.

Mættir: Guðrún María Valgeirsdóttir, Þuríður Snæbjörnsdóttir, Kristján Stefánsson, Birkir Fanndal Haraldsson, Böðvar Pétusson.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund. Birkir og Böðvar óskuðu eftir að málum 10. 11 og 12 yrði bætt á dagskrá

2. Heimilisþjónusta. Starfsmenn Félags- og skólaþjónustu Þingeyinga mæta til fundarins.

Af hálfu Félags- og skólaþjónustu Þingeyinga eru mætt til fundarins Soffía Gísladóttir félagsmálastjóri, Þórhildur Sigurðardóttir og Sigurður Aðalgeirsson sem starfa við skólaþjónustuna, Baldur M. Rafnsson, sem starfar einkum að

málefnum fatlaðra og Geirlaug Björnsdóttir, sem starfar að ýmsum málaflökkum, svo sem fjárhagsráðgjöf, heimaþjónustu o.fl.

Soffia fór yfir almenn atriði varðandi þjónustu Félags- og skólaþjónustunnar.

Að því loknu fóru aðrir starfsmenn yfir þá málaflökka sem þeir starfa að.

Í kjölfar yfirferðarinnar skiptust fundarmenn á skoðunum um hin ýmsu mál.

M.a. var rætt um sívaxandi umsvif í heimaþjónustunni og hvort þrengja bæri rétt þann sem til heimaþjónustu ríkir sem og var rætt um gjaldtöku og gjaldskrár.

Starfsmenn Félags og skólaþjónustunnar sem og sveitarstjórnarmenn voru sammála um að vel hefði verið til fundið að efna til þessa sameiginlega fundar og voru einhuga um að æskilegt væri að Héraðsnefnd og Félags og skólaþjónustan héldu slíkan fund fyrr en síðar þar sem aðilar gætu skipst á skoðunum.

Enn fremur var hvatt til að Félags og skólaþjónustan heimsækti sem flestar sveitarstjórnir, sem að þjónustunni standa, snemma á hverju kjörtímabili.

3. Fundargerð skólanefndar frá 28. feb. og 4. apríl, en afgreiðslu fundargerðar frá 28. febrúar var frestað á síðasta fundi.

Fundargerð frá 28. febrúar:

2. liður fundargerðarinnar tekur á nokkrum atriðum. Sveitarstjórn samþykkir þær óskir sem settar eru fram um kennslumagn.

Þá samþykkir sveitarstjórn umsókn Þuríðar Helgadóttur um launalaust leyfi.

Varðandi kynningu á skólastarfi og sveitarfélaginu fyrir útskriftarnemum kennaradeildar HA telur sveitarstjórn ekki ástæðu til að verða við þeim hugmyndum að sinni.

3. liður fundargerðarinnar:

Formaður og ritari skólanefndar hafa rætt við sveitarstjóra. Í framhaldi þar af áttu oddviti og sveitarstjóri gagnlegar viðræður við skólastjóra og kennara tónlistarskólans.

Enn fremur var athugað á skrifstofu hreppsins hvort fjárhagslegur ávinningur kynni að vera af því að sameina grunnskóla og tónlistarskóla undir eina stjórn. Niðurstöður voru þær að fjárhagslegur ávinningur væri ekki af sameiningu tónlistar- og grunnskóla undir eina stjórn. Engin afstaða var tekin til hvort ávinningur kynni að verða af sameiningu á öðrum sviðum.

Fundargerð frá 4. apríl:

2. liður: Skólastjóri, Hólmfríður Guðmundsdóttir mætir til fundarins

Skólastjóri sagði frá að umsókn frá Hjálmari Boga hefði borist í kjölfar fundar skólanefndar.

Skólastjóri lagði til að Hjálmar Bogi Hafliðason, sem lýkur kennaranámi í vor verði ráðinn. Ennfremur að Sigríður G. Sigmundsdóttir, kennaranemi í fjarnámi og leiðbeinandi við Heiðaskóla í Leirársveit og Brynja Ingólfssdóttir, leiðbeinandi verði ráðnar með þeim fyrirvörum sem lög gera ráð fyrir.

Skólastjóra falið að auglýsa eftir skólastjóra og kennurum.

3. liður: Skólanefnd samþykkti 5,5 % hækkun á gjaldskrá. Eftir hækkun verður gjaldskráin eins og hér fer á eftir:

Gjaldskrá Tónlistarskóla Mývatnssveitar.

Gildir frá haustönn 2005.

Fullt nám	15.300-
$\frac{3}{4}$ nám	13.000-
$\frac{1}{2}$ nám	9.945-
Hóptímar minni (2-4)	6.120-
Hóptímar stærrri (5 o.fl.)	3.800-
Fullorðnir greiða 20% álag	
Hljóðfæraleiga	2.640-

Fjölskylduafsláttur:

2. meðl. fjölskyldu fær 20% afslátt

3. meðl. fjölskyldu fær 40% afsl.

4. meðl. fjölskyldu fær 60% afsl.

Ekki er veittur afsláttur af hljóðfæraleigu.

Gjaldskráin miðast við hverja önn.

Nemendur greiða skólagjöld við upphaf hverrar annar. Hætti nemendur námi verður ekki um endurgreiðslur skólagjalda að ræða nema til komi veikindi eða aðrar sérstakar ástæður.

Kennsla fellur niður á starfsdögum Reykjahliðarskóla.

Skólanefnd samþykkir tillöguna og leggur til að hún taki gildi á haustönn 2005

Samþykkt samhljóða.

4.liður:

Sveitarstjórn samþykkir að skólaakstur sunnan vatns hefjist á Sjónarhóli á næsta skólaári.

4. Erindi íbúa Litlustrandar, Baldursheims 1 og 3, Ytri-Neslanda, Vagnbrekku, Sjónarhóls, Haganess, Hofstaða og Geirastaða.

Málinu vísað til veitnanefndar til athugunar og umsagnar.

5. Reikningur til Sniðils vegna gatnagerðargjalda. Framhald umræðu frá síðasta fundi.

Sveitarstjóri lagði fram minnisblað til sveitarstjórnar varðandi teikningar og lóðarstæðir og afgreiðslu byggingarnefndar. Minnisblaðið fer hér á eftir:

Minnisblað vegna gatnagerðargjalda v/Birkihraun 2005.

Í framhaldi af sveitarstjórnarfundi 10. mars átti ég samtal við Gauk Hjartarson mánudaginn 14. mars. Í máli Gauks kom fram að þrátt fyrir að stærðarupplýsingar lóða komi fram á teikningum sem Sniðill skilaði til byggingarnefndar sé engin afstaða tekin til stærða lóðanna enda ekki í verkahring byggingarnefndar að úthluta lóðum né ákvarða um stærðir þeirra. Byggingarnefnd hafi einungis samþykkt teikningar af húsbyggingunni.

Við Gaukur urðum hins vegar sammála um að skilyrtar afgreiðslur, þ.e. að gögnum sé skilað síðar séu afleitar og geti valdið vandræðum.

Því miður er það svo að umsóknir berast án þess að fullnægjandi gögn séu fyrir hendi og umsækjendur leggja mikla áherslu á afgreiðslu þar sem tími sé naumur. Líklega er of oft orðið við slíkum erindum og réttara að afgreiða ekki erindi fyrir en fullnægjandi upplýsingum er skilað. Verði farið að slíkum reglum þá munu erindum fylgja allar þær upplýsingar sem erindum eiga að fylgja og vandræðum afstýrt.

Sigbjörn

Rætt var um málið. Sveitarstjórn var einhuga um útreikning sem sveitarstjóri lagði fram.

6. Erindi frá sameiningarnefnd sveitarfélaga. Lokatillögur um sameiningu sveitarfélaga og skipun samstarfsnefndar.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps skipar Guðrúnu Maríu Valgeirsdóttur og Böðvar Pétursson í samstarfsnefnd vegna kosninga um sameiningu sveitarfélaga.

7. Erindi Vegagerðar ríkisins, mat á umhverfisáhrifum Dettifossvegur.

Borist hefur erindi frá Vegagerð ríkisins þar sem óskað er eftir umsögn sveitarstjórnar um veglínu frá Hringvegi að Dettifossi Sveitarstjórn Skútustaðahrepps hefur um langt skeið lagt þunga áherslu að vegur verði lagður vestan Jökulsár niður í Kelduhverfi, enda skiptir þessi vegur miklu máli fyrir ferðaþjónustu í Þingeyjarsýslu.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps leggur áherslu á að veglína B verði valin og furðar sig á hugmyndum Umhverfisstofnunar um veglínu A, sem fer um gróið land á einu þurrasta og viðkvæmasta svæði landsins.

Þá furðar sveitarstjórn sig á hversu seint athugasemdir Umhverfisstofnunar koma fram og veltir því fyrir sér hvort þær séu fram komnar til að tefja enn frekar fyrir málinu.

8. Lántaka Sorpsamlags Þingeyinga hjá Lánasjóði sveitarfélaga. Ábyrgðaryfirlýsing Skútustaðahrepps.

Eftirfarandi liggur fyrir fundinum til undirritunar eða synjunar:

Ákvörðun sveitarstjórnar um að veita Sorpsamlagi Þingeyinga ehf., einfalda ábyrgð vegna lántöku þess hjá Lánasjóði sveitarfélaga og hún tryggð með tekjum sveitarfélagsins:

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps, samþykkir að veita einfalda ábyrgð vegna lántöku Sorpsamlags Þingeyinga ehf. kt. 711001-2470 hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 330.000.000- kr. miðað við vísitölu neysluverðs í apríl 2005 sem er 241,5 stig, til byggingar móttöku- flokkunar- og brennslustöðvar fyrir úrgang, sbr. 2. gr. laga um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 136/2004. Er hlutur Skútustaðahrepps í ábyrgðinni 11,04%. Lán þetta skal endurgreiddast á 17 árum og ber 3,67% fasta verðtryggða ársvexti. Lánið er ekki uppgreiddanlegt nema á umsömdum gjalddögum.

Ábyrgð þessi er veitt samkvæmt heimild í 6. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 og er ábyrgðin óskipt (in solidum) gagnvart kröfuhafa, en innbyrðis skiptist hún í hlutfalli við eignarhluti í Sorpsamlagi Þingeyinga ehf. Það er skilyrði ábyrgðarinnar að allir/báðir eigendur Sorpsamlags Þingeyinga ehf. ábyrgist lánið í réttu hlutfalli við eignarhluti sína.

Til tryggingar ábyrgðinni standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 3. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/199. Eru þær til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu höfuðstóls, vaxta, dráttarvaxta, vaxtavaxta, verðbóta, lögbundinna vanskilaálaga, kostnaðar við kröfugerð, innheimtu- og málskostnaðar, kostnaðar við fjárnámserð og væntanlegs kostnaðar af frekari fullnustugerðum, svo og öllum öðrum kostnaði, sem af vanskilum kann að leiða. Gildir ábyrgðin jafnt þótt greiðslufrestur verði veittur á láninu einu sinni eða oftast er skuldin er að fullu greidd. Fyrir gjaldfallinni fjárhæð má ganga að veðinu til fullnustu skuldarinnar án undangengis dóms eða sáttar skv. 7. tl. 1. mgr. 1. gr. laga um aðför nr. 90/1991.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps bindur hér með sveitarfélagið sem eiganda Sorpsamlags Þingeyinga ehf. til að breyta ekki ákvæði samþykkt Sorpsamlags Þingeyinga ehf sem leggur hömlur á eignarhald að félaginu að því leyti að félagið megi ekki fara að neinu leyti til einkaaðila.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps veitir jafnframt hér með f.h. Skútustaðahrepps, Sigbirni Gunnarssyni kt. 020551-2169, fullt og ótakmarkað umboð til þess skrifna undir þau skjöl sem nauðsynleg eru til að

staðfesta hina einföldu ábyrgð og tryggingu hennar. Jafnframt er Sigurði R. Ragnarssyni veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda fyrir hönd Skútustaðahrepps, hvers kyns skjöl, fyrimæli og tilkynningar, sem tengist veitingu ábyrgðar þessarar.

Samþykkt og ábyrgðaryfirlýsingin undirrituð.

9. 3ja ára fjárhagsáætlun.

Frestað.

10. Frágangur eftir Kísliðjuna.

Birkir lagði fram eftirfarandi:

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps lýsir áhyggjum af fyrirhuguðum frágangi á athafnasvæði Kísliðjunnar. Sveitarstjórnin telur mikilvægt að skilgreind verði þegar á þessu ári hvernig frágangi verði háttað: Hvaða mannvirki verða látin hverfa eða jöfnuð við jörðu og hverjum verður ætlað að standa áfram?

Sveitarstjórn telur fráleitt að ábyrgð og kostnaður sem fylgir þessu verkefni sé framseldur öðrum eða þriðja aðila.

Ályktunin verði send eftirfarandi: Kísliðjunni hf, Umhverfissráðherra, Iðnaðarráðherra, Umhverfisstofnun, Landeigendafélagi Reykjahlíðar.

Frestað.

11. Rotþrær, seyra og óvirkur úrgangur.

Frestað.

12. Gjaldskrár aukabúfjáreftilits.

Dregist hefur úr hömlu að ganga frá gjaldskrá. Sveitarstjóra falið að ganga frá málinu í samráði við Þingeyjarsveit og Aðaldælahrepp.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Guðrún María Valgeirsdóttir,

Þuríður Snæbjörnsdóttir,

Kristján Stefánsson,

Birkir Fanndal Haraldsson,

Böðvar Pétusson.